

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1325  
komudagur 29.3.2000

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Akureyri, 27. mars 2000

**Efni: Umsögn Norðurlandsskóga um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.**

Fyrir hönd Norðurlandsskóga vil ég lýsa yfir ánægju með frumvarpið og þar er margt fært til betri vegar miðað við þau lög sem nú gilda um þessi mál.

Það er sérstaklega eitt atriði í frumvarpinu sem skarast verulega miðað við áform Norðurlandsskóga og mun hafa mjög neikvæð áhrif á gang verkefnisins. Það er því skilda okkar sem forsvarsmenn skógarbænda á Norðurlandi að gera eftirfarandi athugasemd.

Í 2. viðauka, 1.d. er lagt til að við nýræktun skóga á 40 ha. svæði eða stærra fari fram mat á umhverfisáhrifum. Norðurlandsskógar fagna því að stærri skógræktarframkvæmdir fari í mat á umhverfisáhrifum en leggja til að stærð svæðanna miðist við 1000 ha.

1. Til að útskýra afstöðu Norðlendinga er rétt að minna á að í lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni nr. 56/1999, er ákvæði til bráðabirgða um að meta skuli umhverfisáhrif landshlutaáætlunar. Til að koma á mótis við ákvæðið hefur að tillögu skipulagsstjóra verið unnið að sérstöku svæðisskipulagi fyrir Norðurlandsskóga. Vinna við svæðisskipulagið er langt komin og í því felast vinnureglur fyrir Norðurlandsskóga um m.a. þann feril sem skógræktarland þarf að fara í gegnum áður en framkvæmdir geta hafist. Í gegnum svæðisskipulagið á því það að vera tryggt að farið sé að lögum og reglum varðandi skógræktarframkvæmdir á vegum Norðurlandsskóga.
2. Á skógræktarsvæðum sem eru aðeins 40 ha. munu jaðaráhrif vera mjög ríkjandi sem þýðir að lítill hluti skógarins mun verða nothæfur til timburframleiðslu. Þess má geta að framlag ríkisins til skógarbænda er um 97% af stofnkostnaði og því verulegir fjármunir í húfi. Við skipulagningu skóga er kappkostað af skógræktarsérfræðingum að hanna skóganna þannig að þeir falli sem best að landslaginu en það er mjög erfitt þegar unnið er með svo lítil svæði sem 40 ha. eru í skógfræðilegu samhengi. Svæðin munu því á mörgum stöðum verða sem "frímerki" í landslaginu.
3. Líklega verða flestir þátttakendur í Norðurlandsskógum sauðfjárbændur sem vilja auka tekjumöguleikana á jörðunum. Það er hins vegnar staðreynd að skv.


niðurstöðum búreikninga 1998 að meðaltalshagnaður stóru sauðfjárbúanna (um 300 ærgildi) var 824.000 kr. fyrir laun eigenda. Ef við gefum okkur að umhverfismatið á hverri jörð kosti um 1.750.000 kr. miðað við tölur frá Vegagerðar ríkisins er hér um verulegan kostnað að ræða sem leggst á hvern bónda. Það er hins vegar ekki ljóst fyrir en eftir matið hvort skógrækt verði heimiluð á viðkomandi landi.

4. Eitt af aðalmarkmiðum Norðurlandsskóga er að teysta byggð og fjárfesta í nýrri auðlind sem efla mun atvinnulíf í framtíðinni. Það mun hins vegar að engu verða ef 40 ha. þak verður sett á skógræktarframkvæmdir og bændur hefðu þarf af leiðandi mjög takamarkaða möguleika á að nýta sér skógræktarverkefnið þó svo að þeir hefðu land til ráðstöfunar.

Það er von Norðurlandsskóga að farið verði vandlega yfir málin og að skógrækt sem búgrein megi dafna í byggðum landsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Norðurlandsskóga

  
Stefán Guðmundsson